



ALÞINGIÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1757
komudagur 29. 4. 131/1757

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Seltjarnarnes, 29. apríl 2005
Tilvísun 2005040084/000.2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál.

Bæjarstjórn Seltjarnarness gerði eftirfarandi samþykkt á fundi sínum hinn 27.04. síðastliðinn:

"Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur borist erindi um að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Umsögn bæjarstjórnar lýtur eingöngu að núgildandi ákvæði um þátttöku Seltjarnarneskaupstaðar í rekstri hljómsveitarinnar, sbr. d. lið 3.gr. laga nr. 36/1982, en samkvæmt frumvarpinu stendur ekki til að gera neinar breytingar á því. Bæjarstjórn Seltjarnarness getur ekki fallist á að greiðsluþátttaka bæjarsjóðs Seltjarnarness skuli eiga að standa óhöguð áfram.

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti á fundi sínum hinn 19.12.2001 eftirfarandi:

"Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkir að afturkalla aðild sína að Sinfóníuhljómsveit Íslands miðað við árslok 2002. Þegar bæjarstjórn samþykkti aðild 1982 var gert ráð fyrir að fleiri sveitarfélög en Reykjavík og Seltjarnarnes tækju þátt í rekstri en svo hefur ekki orðið. Það er augljós skylda ríkissjóðs gagnvart landsmönnum öllum að tryggja þessari menningarstofnun rekstraröryggi. Bæjarstjóra verði falið að óska eftir því við menntamálaráðuneytið og þingmenn kjördæmisins að lagabreyting þar að lútandi verði samþykkt á næsta þing."

Rétt er að áréttta að frá því að ofangreind samþykkt var gerð hafa bæjarstjórn Seltjarnarness ítrekað fylgt málinu eftir við menntamálaráðuneytið með bréfaskriftum og á fundum með menntamálaráðherrum en án árangurs.



Í fjölmörgum lögum er kveðið á um skylduverkefni sveitarfélaga. Undantekningalaust eru þær lögboðnu skyldur lagðar á öll sveitarfélög landsins. Það er því að mati bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi andstætt jafnræðisreglu að mismuna sveitarfélögum með því að ætla áfram að lögbinda greiðsluþátttöku tveggja sveitarfélaga til þátttöku í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sú þjónusta sem hljómsveitin veitir er í þágu allrar þjóðarinnar.

Umrædd lagasetning verður að telja að sé algjört einsdæmi og fái í raun ekki staðist. Bæjarstjórn getur samkvæmt framsögðu ekki fallist á að réttmætt sé að skylda einstök sveitarfélög með lagaboði, en undanþiggja önnur. Er það álit bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi að

endurskoða verði nógildandi greiðslubáttöku í meðförum Alþingis á frumvarpi til breytinga á lögum nr. 36/1982 með það að leiðarljósi að jafnræði sveitarfélaga sé í heiðri höfð varðandi lögboðin verkefni sveitarfélaganna."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst


 **Bæjarstjórnin**
Seyðisfjarðar
Jónmundur Guðmarsson

Afrit:Menntamálaráðuneyti

Afrit:Fjármálaráðuneyti